

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 319/2009 um inntökuskilyrði í grunnám við Háskóla Íslands.

1. gr.

19. gr. reglnanna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Deild faggreinakennslu.

Til að hefja B.Ed.-nám í deild faggreinakennslu skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi frá íslenskum framhaldsskóla eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Lokapróf frá frumgreinadeild Keilis (háskólabrú) og af frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík (áður Tækniháskóla Íslands og Tækniskóla Íslands) teljast sambærileg stúdentsprófi og nægja til inntöku í B.Ed.-nám í deildinni. Æskilegur undirbúningur fer eftir markmiðum þeirrar námsleiðar sem valin er. Nánari upplýsingar þar um eru í kennsluskra og kynningarefni til nýrra stúdenta.

Til að hefja diplómanám í kennslufræði á bakkalárstigi í deild faggreinakennslu skal stúdent hafa lokið fullgildu lokaprófi í iðngrein (meistarabréf), listgrein, tæknigrein eða verkgrein sem nýtist til kennslu á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námsviði.

Til að hefja B.Ed.-nám í kennslufræði verk- og starfsmenntunar í deild faggreinakennslu skal stúdent hafa lokið fullgildu lokaprófi í iðngrein (meistarabréf), listgrein, tæknigrein eða verkgrein sem nýtist til kennslu á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði. Stúdent þarf einnig að hafa lokið annað hvort (a) stúdentsprófi eða (b) diplómánámi í kennslufræði á bakkalárstigi í kennaradeild (frá 1. júlí 2018 nefnd deild faggreinakennslu) og hafa fimm ára starfsreynslu í greininni.

2. gr.

20. gr. reglnanna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Deild heilsuefningar, íþróttar- og tómstunda.

Til að hefja BA-, B.Ed.- eða BS-nám skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi frá íslenskum framhaldsskóla eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Lokapróf frá frumgreinadeild Keilis (háskólabrú) og af frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík (áður Tækniháskóla Íslands og Tækniskóla Íslands) teljast sambærileg stúdentsprófi og nægja til inntöku í BA-, B.Ed.- og BS-nám í deildinni. Æskilegur undirbúningur fer eftir markmiðum þeirrar námsleiðar sem valin er. Að auki þurfa þeir sem hyggja á BS-nám í íþróttar- og heilsufræði að uppfylla hæfniviðmið 10. bekkjar í sundi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.

Þeim umsækjendum sem lokið hafa prófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands er heimilt að ljúka BS-prófi í íþróttar- og heilsufræði að viðbættum 60 skilgreindum einingum (sjá kennsluskra).

Nánari upplýsingar eru í kennsluskra og kynningarefni til nýrra stúdenta.

3. gr.

21. gr. reglnanna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Deild kennslu- og menntunarfræði.

Til að hefja B.Ed.-nám í deild kennslu- og menntunarfræði skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi frá íslenskum framhaldsskóla eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Lokapróf frá frumgreinadeild Keilis (háskólabrú) og af frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík (áður Tækniháskóla Íslands og Tækniskóla Íslands) teljast sambærileg stúdentsprófi og nægja til inntöku í B.Ed.-nám í deildinni. Æskilegur undirbúningur fer eftir markmiðum þeirrar námsleiðar sem valin er. Nánari upplýsingar þar um eru í kennsluskra og kynningarefni til nýrra stúdenta.

4. gr.

Á eftir 21. gr. reglnanna bætist við ný grein, 21. gr. a, sem ásamt fyrirsögn orðast svo:

Deild menntunar og margbreytileika.

Til að hefja BA-nám skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi frá íslenskum framhaldsskóla eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Lokapróf frá frumgreinadeild Keilis (háskólabrú) og af frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík (áður Tækniháskóla Íslands og Tækniskóla Íslands) teljast sambærileg stúdentsprófi og nægja til inntöku í BA-nám í deildinni. Æskilegur undirbúningur fer eftir markmiðum þeirrar námsleiðar sem valin er. Nánari upplýsingar þar um eru í kennsluskrá og kynningarefni til nýrra stúdenta.

Þeim umsækjendum sem lokið hafa prófi frá Þroskaþjálfaskóla Íslands er heimilt að ljúka BA-prófi í þroskaþjálfafraeði að viðbættum 30 skilgreindum einingum (sjá kennsluskrá).

5. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fenginni tillögu menntavísindasviðs, eru settar samkvæmt heimild í 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast þegar gildi og verður þeim beitt við inntöku stúdenta frá og með háskólaárinu 2018-2019.

Háskóla Íslands, 6. mars 2018.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.